Fréttatilkynning
Viljayfirlýsing

Á sjávarútvegssýningunni í Smáranum, laugardaginn 24 september skrifuðu eftirtaldir aðilar undir viljayfirlýsing um notkun á Mode Slurry Ice Systems S-100C um borð í Ásþóri RE, veturinn 2011-2012. Þessir aðilar eru:

- Landssamband Smábátaeigenda
- MATÍS
- Mode Slurry Ice Systems (MSIS)
- 3X Technology
- Þorvaldur Gunnlaugsson, útgerðarmaður Ásþórs

Forsendur:

Auknar smábátaveiðar hafa berlega leitt í ljós áskoranir sem takast þarf á við til að tryggja megi bestu mögulegu meðhöndlun afla smábáta. Fram til þessa hefur flöguís verið algengasti kælimiðillinn í sjávarútvegi en með tilkomu MSIS hefur skapast tækifæri til framþróunar varðandi kælingar afla smábáta. Tækifærið felst í því að bjóða smábátaeigendum vél sem þeir geta t.d látið framleiða vökvaís á útstími, eða áður en lagt er úr höfn og átt þannig alltaf til nægilega kaldan krapa til að kæla aflann hratt niður um leið og hann veiðist og hefur verið blóðgaður. Þekkt er að kæling með vökvaís er hraðari en kæling með flöguís. Hingað til hefur verið vandkvæðum bundið að framleiða vökvaís um borð í sambátum, en með MSIS er það nú hægt. Í því felst nýmælið og tækifærið.

Verkefnið sjálft:

Samstarfið gengur út á að Mode Slurry Ice Systems leggur til eina krapaís vél, S-100C, sem er sérstaklega ætluð fyrir smábáta. Útgerðarmaðurinn Þorvaldur Gunnlaugsson leggur til bátinn Ásþór í þessu skyni og mun nota vélina á veiðum 2012. Sigurjón Arason hjá MATÍS, mun skipuleggja ásamt Þorsteini Inga Víglundssyni frá Mode Slurry Ice, rannsókn sem gerð verður á hitastigi, losi í fiski og gæðum fisks um borð í Ásþóri, meðan á tilrauninni stendur. Landssamband Smábátaeigenda mun síðan kynna niðurstöður rannsóknarinnar fyrir félagsmönnum sínum, 2012.

Vélin og báturinn:





Næstu skref:

Verkefnið hefst í október og mun standa fram á 2012. Niðurstöður verða strax í kjölfarið.

Undirritað á Sjávarútvegssýningunni í Smáranum, 24. September 2011

Landssamband Smábátaeigenda

Örn Pálsson

MATÍS

Sveinn Margeirsson

Mode Slurry Ice Systems

Þorsteinn Ingi Víglundsson

Ásþór RE

Þorvaldur Gunnlaugsson

3X Technology

Jóhann Jónasson